



**162.  
FUNDUR  
SKÓLANEFNDAR**

**13. maí 1991**

**Mættir:** Sigríður Jóhannesdóttir, formaður, Kristbjörn Albertsson, Elsa Kjartansdóttir, Guðjón Kristjánsson, Gísli Torfason, Magnús Óskar Ingvarsson, Hjálmar Arnason, skólameistari og Ægir Sigurðsson, aðstoðarskólameistari.

**Dagskrá:** 1. Útboðsmál viðbyggingar  
2. Stækkun byggingarnefndar  
3. Fjármögnun viðbyggingar  
4. Kennararáðningar  
5. Önnur mál

**1. Útboðsmál viðbyggingar.**

Auglýst var lokaútboð í viðbygginguna og frestur gefinn til 17. maí 1991. Fjórir aðilar sóttu gögn og sendu síðar bréf til byggingarnefndar þar sem farið var fram á nánari upplýsingar og lengri frest. Byggingarnefnd ákvað að veita frest til 21. maí kl. 16.00, en nánari upplýsingar en fagnar voru í upphafi tíðkast ekki að gefa í svokölluðum alútboðum eins og þessu. Byggingarnefnd áskilur sér rétt til að hafna öllum tilboðum. Bæjarstjórn Keflvíkur hefur óskað eftir fundi með byggingarnefnd n.k. miðvikudag kl. 19.00. Fyrirspurn kom frá Elsu Kjartansdóttur um lengd frestsins. Fram kom í svari skólameistara að byggingaverktakar á Suðurnesjum hefðu ekki gert athugasemd við frest tímann. Kristbjörn Albertsson ítrekar að gefnu tilefni að ekki hafi verið búið að ganga frá samningi um viðbyggingu áður en útboð var auglýst.

**2. Stækkun byggingarnefndar.**

A síðasta fundi skólanefndar var kosin byggingarnefnd. Nefndarmenn hafa fundið til þess að það vantaði þar fulltrúa með fagkunnáttu. Borin var upp tillaga um Héðin Skarphéðinsson og Axel Nikolaison sem viðbótarfulltrúa í byggingarnefnd. Skólanefnd samþykkir.

**3. Fjármögnun viðbyggingar.**

Leitað hefur verið til Lífeyrissjóðs Suðurnesja og Lífeyrissjóðs verslunarmanna um lán á hagstæðum kjörum. Sú beiðni hefur hlotið jákvæðar undirtektir. Málið er enn í athugun.

**4. Kennararáðningar.**

Aðstoðarskólameistari gerði grein fyrir kennararráðningum og umsóknum um auglýstar stöður. Skólanefnd mælir með að

eftirtaldir verði ráðnir:

Ellen-Margrethe Halsekost í efnafræði og raungreinar  
Ólafur Sigurðsson í sérgreinar á rafiðnabraut  
Alda Jensdóttir í þýsku og íslensku  
Axel Arnar Nikulásson í sögu  
Ágúst Asgeirsson í raungreinar  
Baldur Þ. Guðmundsson í viðskiptagreinar  
Bjarni Jóhannsson í íþróttir  
Björn Sturlaugsson í teikningar o.fl.  
Borgþór Arngrímsson í listir o.fl.  
Gísli Torfason í stærðfræði  
Gunnlaugur Jónsson í dönsku  
Helena Valtýsdóttir í ensku  
Hjörtur Marteinnsson í íslensku  
Hörður Ragnarsson í bókfærslu  
Jón Pálmi Skarphéðinnsson í sérgreinar á rafiðnabraut  
Kristján Asmundsson í stærðfræði  
Magnús B. Hallbjörnsson í tölvufræði  
Magnús Ó. Ingvarsson í stærðfræði  
Oddný G. Harðardóttir í stærðfræði  
Sigurlaug Kristinsdóttir í vélritun  
Sumarrós Sigurðardóttir í dönsku  
Svanhildur Kjær í hárgreiðslu  
Þorvaldur Sigurðsson í íslensku

Oddný G. Harðardóttir sækir um skipun í stöðu og mælir skólanefnd með því erindi.

Björn L. Örvar og Unnur Þorsteinsdóttir sækja um launalaust leyfi frá störfum á næsta skólaári og mælir skólanefnd með því erindi.


Enn vantar kennara í íslensku, líffræði og frönsku.

## 5. Önnur mál.

- a) Útskrift verður 18. maí kl. 14.00 í Grindavíkukirkju. Athöfnin verður með hefðbundnu sniði og eru skólanefndarmenn hvattir til að mæta.
- b) Borist hefur svarbréf frá Atvinnuþróunarfélagi Suðurnesja vegna erindis skólanefndar frá 17. apríl 1991 og hlaut erindið jákvæðar undirtektir. Undirbúningur hefst strax í vor að ráðstefnu á haustmánuðum.
- c) Svarbréf frá Flugleiðum vegna fyrirspurnar skólanefndar varðandi flugskýlið nýja hefur borist.
- d) Skólameistari kynnir árangur vinnu nemenda í þemaáfangi í líffræði um regnskóla. Settar hafa verið upp sýningar á átta stöðum á Suðurnesjum og verkefnin hafa verið pöntuð á tvær sýningar í Reykjavík. Verkefnið hlaut styrk frá Landvernd og Umhverfisstofnun. Skólanefnd lýsir yfir ánægju sinni með vinnu nemenda og kennara.
- e) Skólameistari leggur til að Unnur Þorsteinsdóttir og Björn Örvar fái styrk frá skólanum sem nemur einum mánaðarlaunum fyrir hvort. Skólanefnd samþykkir tillöguna þar sem þau hyggjast koma aftur til starfa að loknu framhaldsnámi sbr. bréf frá 4. lið.
- f) Sparisjóður Keflavíkur hefur ákveðið að greiða allan kostnað við skóladagbók FS. Skólanefnd þakkar fyrir.

- g) Akveðið hefur verið að reyna nýtt fyrirkomulag við innheimtu innritunargjalda. Nemendum verða sendir giróseðlar og þurfa þeir að greiða þá fyrir 10. júlí til að eiga vísa skólavist á næstu önn.
- h) Skólameistari leggur til að innritunargjöld fyrir haustönn 1991 verði kr. 4.700 og samþykkir skólanefnd það.
- i) Rætt var um hve lág prósentu nemenda af Suðurnesjum sækja framhaldsnám og eru Suðurnesin nú með lægstu tölu af öllu landinu. Þetta mál hefur verið rætt innan veggja skólans og könnun send nemendum 10. bekkja í framhaldi af því þar sem spurst er fyrir um áform þeirra. Þetta verður rætt nánar í SKÖSUD. Þetta tengist væntanlegri ráðstefnu í haust um tengsl skóla og atvinnulífs. Skólanefnd lýsir yfir áhyggjum sínum af þessari þróun og væntir þess að niðurstöður úr könnuninni verðir kynntar síðar.
- j) Hugmynd um opinn skólanefndarfund á haustönn kynnt.
- k) Formaður leggur til að skólanefndarmönnum verði útvegðar sérmerktar möppur með lögum og reglugerðum um framhaldsskóla og öðrum nauðsynlegum gögnum.
- l) Elsa Kjartansdóttir spyrst fyrir um hver komi til með að meta tilboðin í viðbygginguna og fær þau svör að það verði byggingarnefnd. Uppfylla þarf vissar lágmarkskröfur um efnisval, verð, tíma o.fl. þætti og hagkvæmasta tilboðinu verður síðan tekið.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

  
Sigríður Jóhannesdóttir  
formaður

  
Hulda Björk Þorkelsdóttir  
fundarritari